

Viðauki við grunnlýsingu dags. 28. júní 2019

vegna 50.000.000.0000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Grunnlýsing dags. 28. júní 2019 útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029 (hér eftir nefnd grunnlýsingin og OR), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jaframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Á stjórnarfundum OR sem haldinn var þann 8. apríl var samþykkt stækkun á útgáfuramma OR um 30.000.000.000 kr. að nafnvirði, úr 50.000.000.000 kr. Heildarnafnverð útgáfurammans eftir stækkun nemur því 80.000.000.000 kr.


Allar tilvísanir til útgáfuramma í grunnlýsingu vísa til rammans eftir stækkun sbr. framangreinda ákvörðun stjórnar OR.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Forstjóri OR lýsir því yfir fyrir hönd OR, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 8. apríl 2020

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur



Bjarni Bjarnason

forstjóri